

Fréttatilkynning

Reykjavík, 18. maí 2021

Til fjölmiðla

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands og sambandsaðilar þess, hafa undanfarna mánuði sóst ef
tir
því
hjá
sóttvarnayfirvöldum,
bæði
með
fundahaldi,
símtölum
og
skriflegum
erindum,
að
afreksíþróttafólk
landsins
fái
forgang
í
bólusetningu,
að
loknum
bólusetningum
viðkvæmra
hópa
og
heilbrigðisstarfsfólks,
svo
það
geti
með
öruggari
hætti

tekið

þátt í alþjóðlegu mótahaldi.

Öllum óskum um slíka fyrirgreiðslu hefur verið neitað staðfastlega og vísað til þess að forgangsroðun heilbrigðisyfirvalda varðandi bólusetningar verði ekki haggð. Því hefur afreksíþróttafólk landsins þurft að fara óbólusett í stór og krefjandi verkefni og í undankeppnir fyrir stórmót á efsta stigi viðkomandi íþróttar. Það hefur tekið áhættu á því að smitast af kórónuveirunni til að freista þess að viðhalda árangri landsins í íþróttum, árangri sem tekið hefur mörg ár að byggja upp. Að auki hefur íþróttafólkið og fylgdarlið þurft að dvelja langdvölum í sóttkví sem oftast en ekki raskar æfingaáætlunum og mögulega þátttöku í mótum auk kostnaðar sem af því hefur hlotist.

Það vakti því undrun að fá af því fregnir að hópur sem keppir fyrir Íslands hönd í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva (Eurovision) hafi fengið undanþágu fyrir bólusetningu.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) lýsir yfir ánægju með að keppendur fái nú bólusetningu vegna fer

u
ða
erlendis
og
mun
íþróttahreyfingin
krefjast
þess
að
íþróttafólk
sem
tekur
þátt
í
alþjóðlegum
verkefnum
fyrir
Íslands
hönd
njóti
sömu þjónustu
frá

yfirvöldum
og
keppendur
á
öðrum
vettvangi.

Þess má geta að Alþjóðaólympíunefndin (IOC) hefur útvegað bóluefni fyrir alla þátttakendur í Ól
ympíuleikum
og
Ólympíumóti
fatlaðra
(Paralympics)
og
mun
ÍSí
fá bóluefni
fyrir
þann
hóp
sem
fer
á
leikana.
Sú
ráðstöfun
kemur
til
með
aðkomu
IOC
en
ekki
íslenskra
yfirvalda
og
nær
einungis
til
þessa
þrönga
hóps.
Vonast
er

til
að
þessi
bólusetning
hefjist
í
næstu
viku
í
góðu
samstarfi
við
sóttvarnasvið embættis landlæknis.